



## **197. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 16. nóv. 2017 kl. 14:30.**

Mætt: Elín Einarsdóttir (boðaði forföll), Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir (fulltrúi foreldra)(boðaði forföll), Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Olga Líska Garðarsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Björgvin Eyjólfur Björgvinsson, Haraldur Eiríksson, Þórunn Ösp Jónasdóttir (fulltrúi nemenda) og Þórarinn Ingólfsson.

Ingvar Pétur setti fundinn og bauð fólk velkomið.

### **Dagskrá:**

#### **1. Tölfræði haustannar. – BEB áfangastjóri**

Björgvin áfangastjóri tók saman tölur varðandi fjölda á brautum og fleira. Hann sýndi fundarmönnum þessar tölur og útskýrði hvernig brautirnar eru uppbyggðar í grófum dráttum og hver eru áhersluatriði hvernar brautar fyrir sig. Einnig var Björgvin búinn að taka saman tölur varðandi búsetu nemenda. Hann fór síðan yfir hugleiðingar sínar sem tengjast stefnu nemenda. Umræður sköpuðust um nám nemenda og leiðir þeirra.

#### **2. Fjármál – rekstrarafkoma 2017, áætlun 2018. - HE fjármálastjóri**

Haraldur fjármálastjóri renndi yfir spá yfir rekstrarafkomu skólans á árinu (2017). Það verður að segjast eins og er að rekstrarafkoma skólans fyrir árið virðist vera góð. Fjármálastjóri renndi einnig yfir áætlun um tekjur og gjöld 2018 – 2020. Vegna góðrar stöðu skólans hefur verið farið í búnaðarkaup sem var orðið nauðsynlegt. Fyrirhugaðar eru ýmsar breytingar á húsnæði skólans. Haraldur sagði frá því að flestir fjármálastjórar skólanna reiknuðu með góðri niðurstöðu að loknu árinu.

#### **3. Önnur mál**

- a. Fyrirhugaður er skólafundur þriðjudaginn 21. nóvember þar sem rætt verður um félagslíf nemenda. Einnig verður rætt um kennsluhætti og hvernig við komum á mótis við nemendur á nýjum tímum.
- b. Þórunn formaður nemendaráðs fékk fyrirspurn varðandi þátttöku í félagslífinu og sagði hún frá því helsta sem verið hefur í gangi hjá þeim. Í máli hennar kom fram að þátttaka nemenda hefur verið heldur minni en áður. Nefndarmenn hafa áhyggjur af því.
- c. Skólameistari sagði frá fyrirhuguðum starfsmannasamtölum og því að starfsmenn frá Gallup hafa verið fengnir til að aðstoða stjórnendur skólans við framkvæmdina.
- d. Kennarar hafa verið duglegir að sækja námskeið og hafa fengist styrkir til þess að senda kennara erlendis á námsefni. Mikið hefur verið um heimsóknir erlendis frá sem tengjast Erasmus og Nordplus sem og öðru.

Næsti fundur er fyrirhugaður 8. febrúar kl. 14:30

Fundi slitið kl. 15:50

Fundarritari,

Þórarinn Ingólfsson